

Athugasemdir LS um grásleppumál í samráðsgátt

15. janúar 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um hrognkelsveiðar og skýrslu grásleppuhóps 2020.

Áfangaskýrsla grásleppuhóps 2020 (vinnuhópur)

LS lýsir óánægju með að fulltrúi frá félaginu hafi ekki átt sæti í vinnuhópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem falið var að koma með tillögur um hvernig hægt væri að draga úr meðafla við grásleppuveiðar, einkum spendýra og fugla.

Í erindisbréfi til hópsins sem skipaður var fulltrúum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslunni og Atvinnuvegaráðuneytinu er þess getið að ráðherra hefði hug á að koma á fót sérstöku eftirlitsverkefni á grásleppuvertíðinni 2020, „enda það ástand sem við búum við í dag varðandi meðafla í þessum veiðum ekki viðunandi“. Er þar vísað til skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla fugla og spendýra í grásleppuveiðum 2014-2018.

LS mótmælir öllum alhæfingum sem byggðar eru á skýrslunni og vitnar í því sambandi til ítarlegra athugasemda sem LS hefur gert við skýrsluna, þar sem sýnt var fram á að hún var illa unninn og ómarktæk með öllu. Það er mat LS að meðafla fugla og spendýra við grásleppuveiðar hafi farið minnkandi á undanförunum árum.

LS lýsir sig reiðubúið til samvinnu við undirbúning sérstaks eftirlitsverkefnis þar með talið brýningu til félagsmanna um góða samvinnu við veiðieftirlitsmenn og skráningu afla.

Fram kemur í áfangaskýrslu grásleppuhóps 2019 að eftirlit Fiskistofu á vertíðinni 2018 hafi náð til 112 veiðiferða sem sagt er að hafi verið yfir 2% allra veiðiferða við grásleppuveiðar. (Heildarfjöldi daga á sjó [við eftirlit](#) var 1.250). Ekki kemur fram hve þekja var mikil af eftirlitinu. Að mati Fiskistofu þarf þekja eftirlits að vera 5% þannig að það verði marktækt, en það jafngildir 202 veiðiferðum eða um 3,6% allra veiðiferða miðað við árið 2018.

Í skýrslunni kemur fram að hópurinn hafi fjallað um hlutdeildarsetningu grásleppu og verið sammála um að hún mundi auka sveigjanleika sjómanna í skipulagi veiða og við það væri líklegt að þeir gætu fremur sneitt hjá óeskilegum meðafla. Það verður að teljast einkennilegt að hópurinn hafi ekki einnig tekist á við hvort það sama mundi gilda í sóknarstýringu ef heimilt yrði að gera hlé á veiðum með því að taka upp net og sá tími væri utan veiðitíma.

Reglugerð í samráðsgátt um hrognkelsveiðar 2020

1. Í 2. gr. er kveðið á um að umsókn um grásleppuleyfi 2020 og ákvörðun hvenær viðkomandi ætli að hefja veiðar sé til 15. febrúar.

Ekki er getið um forsendur fyrir þessari breytingu né þær að finna hjá vinnuhópi. Það er skoðun LS að sömu reglur eigi að gilda um leyfi til grásleppuveiða og aðrar veiðar. Þegar sótt er um leyfi komi fram hvort viðkomandi eigi rétt á því. Leyfi verði virkt á þeim degi sem viðkomandi kys að hefja veiða enda hafi greiðsla borist Fiskistofu fyrir þann tíma.

Ástæður þess að ekki er hægt að fallast á það fyrirkomulag sem lagt er til í reglugerðinni eru m.a.; að ráðgjöf Hafró liggur ekki fyrir, veðurhorfur, ástand á miðunum, líkindum á meðafla, hrognafyllingu og verði.

2. Með nýrri 3. gr. er lagt til að svæðaskipting verði afnumin auk þess að heimilt verði að hefja veiðar 1. mars.

LS er andvígur fyrirhugaðri breytingu og leggur til að ákvæðið verði óbreytt frá því sem verið hefur þar með talið að veiðar hefjist 20. mars.

Afnám svæðaskiptingar getur leitt til ofveiði á ákveðnum svæðum. Minnt er á eftirfarandi í umsögn Hafrannsóknastofnunar í samráðsgátt vegna hugmynda um kvótasetningu grásleppuveiða:

„Stofnunin bendir á að ef ákveðið verði að breyta stjórn veiðanna yfir í aflamarkskerfi þá gæti verið þörf á að hafa ákveðna svæðaskiptingu og stjórn á því hversu mikið yrði veitt innan hvers svæðis. Ástæða þess er að möguleiki gæti annars skapað á ofveiði ákveðinna svæða. Telur stofnunin að ef ákveðið verður að breyta stjórn veiðanna þurfi því að fara vandlega yfir mögulega svæðaskiptingu sem og hlutfallslega skiptingu aflaheimilda innan þeirra svæða.“

Auk þessa, sem hér hefur verið nefnt, gæti afnám svæðaskiptingar leitt til ótímabærra árekstra á miðunum og valdið þannig óþarfa núningi milli útgerðaraðila. Jafnframt skal bent á að grásleppuveiðar eru afar mikilvægar fyrir einstök byggðarlög og er svæðaskipting stór þáttur í að viðhalda því jafnvægi.

3. Í 6. gr. „Aðrar veiðar og meðafli“. Ákvæði sem getur reynst erfitt að uppfylla.

a. „Áður en veiðiferð hefst skal útgerð sjá til þess að báturinn hafi þær aflaheimildir sem dugi fyrir ætluðum meðafla í veiðiferðinni.“

b. „Telji Fiskistofa að meðafli grásleppuveiðibáts sé að aflasamsetningu frábrugðinn meðafla annarra grásleppuveiðibáta á svipuðum veiðisvæðum skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í bátinn til að fylgjast sérstaklega með veiðum hans í einn dag. Skal útgerð grásleppuveiðibátsins tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Telji Fiskistofa að ástæða sé til að fylgjast áfram með veiðum grásleppuveiðibátsins vegna meðafla, skal útgerð bátsins bera kostnað af veru veiðieftirlitsmanns Fiskistofu um borð frá og með öðrum degi, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.“

Varðandi a-lið er ómögulegt að segja til um hvort og hvaða tegundir geti komið sem meðafli við umvitjun neta. Grásleppuveiðimenn reyna eftir fremsta megni að forðast meðafla, enda leiðir hann yfirleitt til þess að net hættir að veiða og flækist og veldur öðrum erfiðleikum. Til að hægt verði að uppfylla skilyrðið verður að vera til ráðstöfunar hjá Fiskistofu aflapottur sem hægt er ráðstafa úr. Einnig væri hægt að

rýmka reglur um VS-afla. Með því væri tryggt að viðkomandi þyrfti ekki að dvelja í landi á meðan leitað væri að kvóta til leigu.

Þegar lítið er til b-liðar vekur LS athygli á að nauðsynlegt er að skilgreina fráviksmörk í meðafla sem gera það að verkum að útgerðaraðili beri kostnað af viðveru eftirlitsmanna. Bent er á að gæta þarf jafnræðis varðandi kostnað þar sem tekið er mið af verðmætum.

4. 8. gr. fjallar um *vitjun neta*.

Það er skoðun LS að ákvæðið eigi að vera óbreytt, að net skulu dregin eigi síðar en fjórum sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó.

Þróunin hefur verið sú að net eru dregin oftast með eins stuttu millibili og hægt er. Það eru hins vegar jaðartilvikin sem verður að hafa í huga, einkum er það átt við stærð báta.

5. 9. gr. reglugerðarinnar fjallar um „*Netalagnir*“. „*Að hámarki er hverjum bát heimilt að hafa samanlagða teinalengd neta til hrognkelsaveiða alla 3.750 metrar á vertíð*“.

Lagt er til að netum fækki um helming, en heildarlengd á vertíðinni 2019 var 7.500 metrar.

LS mótmælir harðlega að hróflað verði við heildarlengd neta. Á vertíðinni 2013 var heimilt að hafa 200 net að hámarki á bát, en hafði áður verið 300. Þessu var síðan aftur breytt ári síðar þegar miðað var við heildarlengd neta í sjó 7,5 km. Við breytinguna heyrði það sögunni til að fjórir væru í áhöfn grásleppubáta. Þeim fækkaði niður í þrjá að hámarki og hefur tilhneigingin verið sú að bátum með tvo í áhöfn fari fjölgandi. Sú tillaga sem hér blasir við mun leiða til að enn færri verði í áhöfn, þeim fækki niður í einn í mörgum tilfellum. Færri munu því hafa atvinnu og ásættanlegar tekjur af grásleppuveiðum. Ennfremur mun tækifærum fyrir nýliðun í greininni fækka.

Helstu ástæður fækkunar í áhöfn er að kostnaður við veiðarnar eykst þegar aðilar þurfa að stunda veiðarnar í lengri tíma, fara fleiri sjóferðir til að ná í sama afla. Þá er fyrirsjáanlegt að erfiðlega mun ganga að fá menn á grásleppu þegar við blasir að vertíðin gefur lítið í aðra hönd. Jafnframt er líklegt að færri muni fara á veiðar og afli þar með dragast saman. Ekki er hægt að svara aflaminnkun með því að lengja tímabil sem stunda má veiðarnar, þar sem á flestum stöðum eru fáir straumar sem skila góðri veiði.

Aðilar sem stundað hafa grásleppuveiðar í tugi ára eru á einu máli um að varhugavert sé að vera einn á grásleppu. Enginn til að bregðast við ef eitthvað fer úrskeiðis. Fækkun neta mun því leiða til meiri áhættu við veiðarnar sem LS frábiður sig að vera þátttakandi í.

Jafnframt því sem hér hefur verið nefnt er vandséð að fækkun neta leiði til þess að draga muni úr meðafla, þar með talin spendýr og fuglar.

Í 3. mgr. 9. gr. er ákvæði sem heimilar ekki lagningu grásleppuneta fyrr en 7. maí á svæði norður af Akranesi. Mikil óánægja hefur ríkt hjá grásleppumönnum í Sæljóni með að ákvæðið skuli látið standa óbreytt ár eftir ár. Svæðið er gjöfult til grásleppu og því full þörf á að heimila þar grásleppuveiðar. LS leggur áherslu á að ráðuneytið kanni hug æðarbænda á að minnka svæðið þar sem vitað er að á hluta þess er engin æðarfugl, sérstaklega er átt við að færa línu nær landi.

6. LS leggur áherslu á að inn í reglugerðina komi tvö ný ákvæði.
 - a. Óski aðili eftir að gera hlé á veiðum vegna mikils meðafla eða fyrirsjáanlegs óveðurs teljist þeir dagar sem net viðkomandi eru upp dregin ekki til veiðitíma.
 - b. Heimilt verði að sameina grásleppuleyfi. Við samruna leyfa aukist sóknargeta að hámarki um 50%. Þannig geti einn bátur sem hefur á bakvið sig tvö jafnstór leyfi fengið útgefna sóknardaga margfaldaða með 1,5.

Hvað varðar breytingar sem reglugerðardrögin boða frá gildandi reglugerð um hrognkelsaveiðar, saknar LS þess að röksemdir séu tilgreindar fyrir þeim.

Að lokum vill LS taka fram að á næstu dögum mun félagið leggja fram tillögur sem ætlað er að draga úr meðalfa á sel við grásleppuveiðar.

Virðingarfyllt

ÞORLÁKUR HALDÓRSSON
Þorlákur Halldórsson formaður

Örn Pálsson
Örn Pálsson framkvæmdastjóri